

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. febrúar 2021  
Tilvísun: 202101-0056/42  
KHS/LA

## Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna matsáætlunar um þróun Sundahafnar

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar frá 15. janúar 2021 þar sem óskað er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda Faxaflóahafna við dýpkun í Viðeyjarsundi og landfyllinga við Sundahöfn.

### 1 Inngangur

Sú tímaáætlun sem framkvæmdaaðili leggur fram, þ.e. að skila frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar eftir 2-3 mánuði (apríl 2021) og að álit Skipulagsstofnunar liggja fyrir haustið 2021 (bls. 12) setur matsferlinu mjög þröngar skorður og útilokar rannsóknir sem eru nauðsynlegar að mati Náttúrufræðistofnunar eins og reifað verður síðar. Í ljósi þess að dýpkunarframkvæmdir munu dreifast yfir langan tíma (bls. 16) ætti að vera svigrúm að vinna vandaða forvinnu fyrir umhverfismat og leggja jafnframt grunn að vöktun á áhrifum framkvæmda í stað þess að hespa matsferlið af.

### 2 Framkvæmdalýsing

Lýst er fyrirhuguðum landfyllingum í Sundahöfn í Reykjavík sem taldar eru nema um 2 milljónum rúmmetra og ná yfir alls um 14,5 ha svæði. Sumt af efninu mun fást úr dýpkun á Viðeyjarsundi og eitthvað frá úrgangi jarðverktaka en þeim verður heimilað að losa efni á hafnarsvæðinu. Ekki kemur fram hvort þörf sé á frekari efni til landfyllinga, né þá hvaðan það efni yrði tekið.

Fyrirhuguð dýpkun er talin nema 3.150 milljónum rúmmetra og ná yfir 113 ha svæði. Að loknum framkvæmdum verður dýpt 10 og 12,5 m. Fullyrt er að dýpkunarsvæðið sé allt á svæði sem þegar hefur verið raskað með fyrri dýpkunarframkvæmdum. Ætlunin er að nota eitthvað af því efni sem fellur til við dýpkunina í landfyllingar annars staðar en ekki er frekari grein gerð fyrir því. Efni mun líka verða losað við Engey og þá einkum í gamlar námur norðvestan við eyrna. Ætlunin er að mæla umfang þessara náma veturinn 2020-2021 og gera grein fyrir þeim í matsskýrslu. Að öðru leyti liggur ekki fyrir um hversu mikið efni er um að ræða né botngerð á því svæði sem efnið verður losað á. Eldra losunarsvæði (gamlar efnisnámur) eru einnig austan við Engey og eru þær að fyllast.

### Valkostir

Ekki er gert ráð fyrir öðrum valkostum (bls. 20) og hefði mátt rökstyðja það betur, m.a. í ljósi þess að þröngt er orðið um hafnarsvæðið í Sundahöfn og áframhaldandi þróun takmörkuð þegar til lengri tíma er lítið.



### 3 Framkvæmdasvæði og skipulagsáætlanir

Fullyrt er að engar þekktar náttúru- eða menningarminjar séu innan framkvæmdasvæðisins en að í næsta nágrenni séu svæði á náttúruminjaskrá (bls. 21). Annars staðar kemur fram að í næsta nágrenni séu Elliðavogur og Grafarvogur sem flokkaður eru sem mikilvæg fuglasvæði (bls. 27). Ekki er vísað í heimildir, sjá t.d. <https://www.ni.is/node/21558> og [https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf). Er það bagalegt enda hefði skýrsluhöfundum mátt vera ljóst að umrædd framkvæmd nær inn á alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, sbr. meðfylgjandi skjámynd úr kortasjá náttúruminjaskrár, sjá <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>.



### 4 Mat á umhverfisáhrifum:

#### 4.2. Framkvæmdaþættir sem hafa áhrif á umhverfið

Botnset af dýpkunarsvæðinu verður notað sem undirfylling en er ekki hæft sem burðarefni (bls. 17). Þörf verður á miklu burðarefni ofan á landfyllingar sem fengnar eru með dýpkun í Viðeyjarsundi. Mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að gerð sé grein fyrir þeim námum á landi sem nota á fyrir burðarefni í landfyllingar Sundahafnar og áætlað magn sem sótt veðrur í þær. Fram kemur að grús verður sótt í námu í sjó, en ekki hvar eða hve mikið efni. Á því svæði verður líka rask á botni.

Einnig þarf að meta áhrif á nærliggjandi svæði þó sérstaklega fæðusvæði fugla í Grafarvogi og Elliðavogi. Kanna þarf hvort breytingar verða á straumum og setflutningum í Viðeyjarsundi samhliða dýpkun á svæðinu.

#### 4.3 Afmörkun áhrifasvæðis framkvæmdar

Gert er ráð fyrir að afmörkun áhrifasvæðis vegna beinna áhrifa af völdum jarðrasks nái 50 m út fyrir afmarkað framkvæmdasvæði (bls. 26). Þetta eru að mati Náttúrufræðistofnunar alltof þröng mörk. Nær væri að miða við allt Viðeyjarsund milli Sundahafnar og Viðeyjar sem og ósa Elliðaársvogs og Grafarvogs í ljósi alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis sem nær inn á framkvæmdasvæðið (sjá að ofan). Eins að grugg og önnur áhrif af dýpkun munu væntanlega ná langt út fyrir þau mörk sem tilgreind eru í matsáætluninni.



#### 4.4.2 Fuglalíf

Fullyrt er að engin búsvæði fugla raskist vegna framkvæmdarinnar. Þetta telur Náttúrufræðistofnun ekki standast skoðun, sbr. ábendingar um mikilvægt fuglasvæði sem nær inn á framkvæmdasvæðið (sjá að framan). Vísað er í nokkrar athuganir á fuglum á framkvæmdasvæðinu og nágrenni þess og sagt að ekki standi til að ráðast í nýjar rannsóknir, heldur styðjast við fyrirliggjandi gögn. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru fyrirliggjandi gögn ágæt vísbending um hvað kann að vera í húfi en þau er ekki það ítarleg að unnt sé með sæmilegri vissu að meta bein og óbein áhrif framkvæmda á fuglalíf á framkvæmdasvæðinu og í næsta nágrenni þessi. Margvíslegar en stopular talningar liggja fyrir en það sem vantar eru kerfisbundnar talningar og kortlagning á búsvæðanotkun fugla árið um kring sem gæti þá jafnframt nýst til langtímavöktunar á áhrifum framkvæmda. Fuglalíf hefur aldrei verið skoðað á stórum skala í grennd við Sundahöfn, í stað þess hefur verið einblínt á tiltölulega afmörkuð svæði og horft til staðbundinna áhrifa.

Mynni Grafarvogs og Elliðavogs hefur alþjóðlegt verndargild fyrir gulönd en um 5% íslenska stofnsins hefur haft þar vetursetu að jafnaði á viðmiðunartímabili sem stuðst var við, sjá <https://www.ni.is/node/21558>. Stundum hafa sést þar yfir 100 fuglar í stofni sem talinn er innan við 1000 fuglar. Eins hafa sést þarna yfir 1000 skarfar og er greinilegt að stundum er mikið af æti fyrir fiskiætur á þessum slóðum.

#### 4.4.3 Botnset og botngerð

Áhrif framkvæmda á botnset og botngerð verða metin og botngerð við Engey mun staðbundið breytast. Hér þarf líka að kanna setflutninga í Viðeyjarsundi í ljós þeirra miklu dýpkunar sem fyrirhugð er. Eins þarf að skoða áhrif gruggs á nærliggjandi umhverfi og ekki síst mengun í botnseti sem rótað verður í.

Ekki kemur fram hvernig straumar liggja í Viðeyjarsundi og hvernig útfall vatns úr Elliðavogi og Grafarvogi sé háttað. Náttúrufræðistofnun setur spurningu við það hvort dýpkun í Viðeyjarsundi geti raskað straumum og jafnvel aukið setflutninga inn á svæðið. Fram kemur að Viðeyjarsund hefur verið dýpkað áður (bls. 20) og útfrá því væri hægt að meta hve fljótt setefni safnast fyrir í sundinu. Þessu þarf að gera betri grein fyrir og kanna betur.

Mengunarrannsóknir á botnseti dýpkunarsvæðisins eru mikilvægar þar sem setið verður notað sem landfylling á öðrum stöðum. Þá er talað um jarðvegstípp inn á hafnarsvæðinu en ekkert er minnst á eftirlit með þessari efnislosun, en gera má ráð fyrir að gerð og gæði efnisins séu breytileg.

Regnvatnsútrásir verða framlengdar út í sjó en ekki er minnst á hvort frá þeim geti stafað hætt á mengun frá hafnarsvæðinu sjálfu og út í sjó.

Framkvæmdir á borð við landfyllingar og dýpkanir geta haft óbein áhrif á lífríki botns, m.a. vegna aðflutnings og upprótunar á seti. Eins er talsverð mengun við hafnarsvæði, m.a. af tríbútulýtin (TBT) sem á rætur að rekja til skipamálningar. Þetta efni veldur vansköpun hjá sæsniglum sem gerir þá ófæra að fjölga sér, m.a. í grennd við Sundahöfn, sjá [https://reykjavik.is/sites/default/files/vidauki\\_2\\_botndyr.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/vidauki_2_botndyr.pdf)



#### 4.4.4 Botndýralíf

Kanna þarf áhrif á botndýralíf í Viðeyjarsundi, við Engey en líka við Grafarvog og Elliðavog. Þá þarf að skoða hvort í Sundahöfn þrífist framandi tegundir sem borist hafa með kjölvatni skipa. Ný gögn vatnar fyrir þennan þátt. Lagt er til að settar verði út net vöktunarstöðva á Viðeyjarsundi og í mynni Elliðaársvogs og Grafarvogs þar sem fylgst verður reglulega með botndýralífi.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur

